



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

Fundargerð 57. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 27. mars

Viðstaddir: Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Björg Ágústsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Jón Viðar Pálsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund í fjarveru formanns skólanefndar og var Sigríður Finsen settur fundarstjóri.

Dagskrá:

1. Skólasamningsfundur 16. febrúar 2012 í Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Farið var yfir helstu atriði greinargerðar skólasamningsfundarins í febrúar. Skólameistari og fjármálastjóri sóttu þennan fund fyrir hönd FSN. FSN fékk nýja tengiliði á fjármálasviði ráðuneytisins, þær Auði B. Árnadóttir og Mörtu Guðrúnu Skúladóttur.
2. Rekstraráætlun var ekki samþykkt, ekki í nóvember, ekki í febrúar og ekki í mars 2012. Enn endurskoðuð rekstraráætlun verður send á næstu dögum. Endurskoðuð rekstraráætlun 2012 yfirfarinn. Stefnt var að því að skila 3,4 m.kr. á árinu að kröfu ráðuneytis. Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir 210 ársnemendum á rúma milljón pr. ársnemi eða 211.500.000 kr. í fjárframlög. Ársreikningur 2011 yfirfarinn. Höfuðstóll í árslok 2010 var neikvæður um 28. m.kr. Höfuðstóll í árslok 2011 var neikvæður um 8 m.kr. Krafa Mennta- og menningarmálaráðuneytis er að halli upp á 8 m.kr. verði greiddur á tveimur árum eða 4 m.kr. árið 2012 og 4 m.kr. 2013. Greiðslustaða við ríkissjóð árið 2010 var neikvæð um 23 m.kr. en neikvæð um 13 m.kr. árslok 2011. Að gera rekstraráætlun með 4 m. kr. afgangi fyrir árið 2012 verður mjög erfitt verkefni.
3. Forvarnir – Samstarf. FSN fékk 800 þús.kr. í styrk vegna forvarnarverkefna á árunum 2011 og 2012 frá Lýðheilsustöð. Stofnaður var sérstakur áfangi, HNL heilsa-næring-lífstíll sem allir nýnemar fóru í haustið 2011. Farið var með nýnema í dagsferð til Reykjavíkur og einnig í þriggja daga skíðaferð til Akureyrar. HNL hefur óskað eftir samstarfi við sveitarfélögin um forvarnir fyrir þennan aldurshóp, 16-17 ára nema.
4. Rútur - Rekstur. Farið var yfir uppgjör á rútuakstri vegna haustannar 2011. FSN hefur látið umsýslugjald sitt renna óskipt upp í tap vegna rútuaksturs. Tap vegna haustannar 2011 var tæp milljón en umsýslugjald til skólans eru um 2 milljónir. FSN mun að þessu sinni halda hluta umsýslugjaldsins.
5. Sólardagar – Jón Viðar fræddi fundarmenn um viðburði Sólardaga vor 2012. Ýmisleg var í boði og má þar helst nefna Sirkus Íslands, sjálfsvörn, nudd, hekl og söng.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

6. Önnur mál

- Jón Viðar forseti NFSN var boðinn velkominn á sinn fyrsta fund fyrir hönd skólanefndar og kynntur fyrir fundarmönnum.
- Pétur Ingi hefur óskað eftir lausn frá störfum sem aðstoðarskólameistara eftir 8 ár í starfi. Hann mun þó halda áfram sem kennari við FSN.
- Skólameistara sagði frá fundi sem hann sótti á vegum Þróunarfélags Snæfellsnes og hefur þróunarfélagið óskað eftir þátttöku skólameistara í starfshópi um tengsl atvinnulífs og skóla.
- FSN hefur verið gefið bókasafn Ólafs Elímundarsonar heitins. Safnið telur um 70 kassa, aðallega fræðibækur. Verið er að finna safninu stað í skólanum.
- Skólameistari sótti samráðsfund í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í gær. Þar var helst niðurskurður til umræðu, ásamt skólanámskrá, námskrárgrunni ofl. Nýja námskrá á að taka í gagnið árið 2014.
- FSN hefur sótt um í Sprotasjóð og tefst úrvinnsla að þessu sinni vegna fjölda umsókna.
- Næsti fundur fyrirhugaður í maí-júní 2012.

Fundi slitið kl. 18:05.